

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.
(Þingskj. 75).

Frumvarp þetta fer fram á, að vegurinn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sje tekinn í tölu flutningabrauta, og að þeirri flutningabraut sje að öllu leyti haldið við á kostnað landssjóðs.

Að því er fyrra atriðið snertir, að taka veg þenna í tölu flutningabrauta, þá er nefndin sammála um að ráða til að þetta verði gert. Þessi tillaga nefndarinnar styðst við eftirfarandi atriði:

1. Vegur þessi er afar-fjölfarinn, eins og tekið er fram í brjefi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpinu. Og eins og nú er komið er umferðin eigi að eins umferð gangandi og ríðandi manna og umferð með lestir og hestvagna, heldur einnig umferð með bifreiðar. Þörfin á góðum akvegi er því augljós, en ekki við því að búast, að þeirri þörf verði fullnægt, nema vegurinn verði tekinn í tölu flutningabrauta.

2. Eigi umræddur vegur að vera vel hæfur til að þola hina miklu umferð, þá verður eigi hjá því komist að leggja fram mikið fje honum til umbóta. Að visu er hann vel akfær eins og nú stendur, þótt hann sje sumstaðar allójafn og sumar brýr á honum ljelegar. Þegar blautt er um, er hann aftur á móti víða afar-illur umferðar, bæði fyrir hesta og vagna, af því hann veðst þá upp, og það því fremur sem umferðin er meiri. Í þessu efni eru þeir kaflar vegarins verri, að álitu nefndarinnar, sem liggja innan Kjósar- og Gullbringusýslu, en hinir, sem liggja í landi Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og því verða notin svo lítil af því, þótt allmiklu fje sje varið til ofaniburðar á þessum vegarspottum eða til annara smá-viðgerða á þeim. Nú vilja sýslunefndirnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu eigi leggja fram það fje, sem hjer er þörf á, og telja sjer það ekki fært. Meira að segja hefir sýslunefnd Kjósarsýslu gengið svo langt, að ákveða að vegurinn frá Fossvogi að Kópavogi skuli falla úr sýsluvegatölu frá byrjun ársins 1915, eins og útdráttur sá úr gerðabók sýslunefndarinnar, frá 15. apríl þ. á., sýnir, sem prentaður er hjer með sem fylgiskjal I. Sýslunefnd Gullbringusýslu hefir þar á móti á fundi sínum 17. apríl þ. á. skorað á Alþingi, að taka veginn í tölu flutningabrauta, eins og útdráttur sá úr gerðabók sýslunefndarinnar sýnir, sem prentaður er hjer með sem fylgiskjal II.

Nefndin getur því ekki sjeð, að nokkur von sje til þess, að það fje fáist frá sýslufjelögunum, sem þörf er á, enda ekki sanngjarnt að þau leggi fjeð fram, þar sem Kjósarsýsla hefir sýnilega engin eða því nær engin not af sínum vegkafla (veginum yfir Kópavogsháls) og Gullbringusýsla engin veruleg not vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur umfram það, sem allur almenningur hefir.

Eins og hjer stendur á, finst nefndinni því eigi annað liggja fyrir en að landssjóður leggi fram það fje, sem þörf er á til að gera veginn góðan.

Um síðara atriði frumvarpsins er nefndin einnig sammála, og vill leggja til, að viðhald á flutningabraut á umræddum vegkafla frá Reykjavík til Hafnar-

fjarðar, verði kostað af landsjóði að $\frac{1}{3}$ hluta, og brant þessi þannig gerð jafn rjetthá þeim brautum, sem nú hafa þessi rjettindi.

Samkvæmt framansögðu, leggur nefndin til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið á þingskjali 75 ásamt eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað orðsins »öllu« í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar komi: $\frac{1}{3}$.

Alþingi 18. júlí 1914.

Kristinn Daníelsson,
formaður.

Jósef J. Björnsson,
skrifari.

J. Havsteen.

G. Björnsson.

Guðm. Ólafsson.

Fylgiskjal I.

ÚTDRÁTTUR

úr gerðabók sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu.

... ..

23. gr.

Samþykkt að veita allt að 300 krónum til bráðabirgðaraðgerðar á sýsluveginum yfir Kópavogsháls frá Skotmannsmóa til Fossvogsbrúar á yfirstandandi ári. En með því að vegur þessi kemur Kjósarsýslu mjög lítið að notum, og henni ofvaxið að gera hann svo úr garði, eins og þyrfti sem fjölfarna akbraut, ákveður sýslunefndin að fella veg þennan úr tölu sýsluvega frá næsta nýjári (1915).

... ..

Fundi slitið. —

Magnús Jónsson.

Halldór Jónsson.

Guðmundur Ólafsson.

Kr. Þorkelsson.

Björn Bjarnarson

*

*

Rjettan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. júlí 1914.

Magnús Jónsson.

Fylgiskjal II.

ÚTDRÁTTUR

úr gerðabók sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu.

.....

22. gr., 8. lið.

— Samþykkt var að veita 300 kr. til aðgerðar á sýsluveginum frá Hafnarfjarðarhrauni að »Skotmóa«, um leið og ánýjuð er áskorun til Alþingis um, að vegur þessi verði tekinn í tölu flutningabrauta, og viðhald hans kostað að öllu leyti úr landssjóði. —

.....

Fundi slitið.

Magnús Jónsson. Kristinn Danielsson. Jóh. J. Reykdal. Magnús Pálsson.

Eiríkur Árnason. Klemens Jónsson. Ágúst Jónsson.

Árni Þorsteinsson. Einar G. Einarsson.

* * *

Rjettan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. júlí 1914.

Magnús Jónsson.